

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

1. gr.

Í stað orðsins “umhverfisráðherra” í 2. og 7. gr. Kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins “Umhverfisstofnun” í 2. gr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir kemur (Í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. gr.

- a. Orðin “og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga” í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin “, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og” í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr.

- a. Orðin “heilbrigðisnefndum á” í 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin “einn fulltrúa frá hverri heilbrigðisnefnd sveitarfélaga á svæðinu,” í 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. orðast svo:

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu m.a. eiga sæti fulltrúar frá Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Stofnun atvinnuveganna, Land og skógi, Náttúrufræðistofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Ísor og náttúrustofum.

6. gr.

Orðin “svo sem heilbrigðisnefnda sveitarfélaga” í 3. mgr. 8. gr. falla brott.

7. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 29. gr. Laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026